



Velferðarráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. maí 2019
Tilvísun: 2019010433/25.14

Efni: Álit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á notkun á margnota ílátum hjá mötuneyti aldraðra Vitatorgi.

Mötuneyti aldraðra Vitatorgi hefur óskað eftir álti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á hættugreiningu sinni vegna notkunar á margnota ílátum frá viðskiptavinum.

Nýlega hafa verið gefnar út af Matvælastofnun leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að því að afgreiða matvæli í ílát viðskiptavina. Er það gert með það í huga að minnka plastnotkun en áhersla er lögð á að öryggi matvæla sé tryggt. Hvert fyrirtæki þarf að meta hvort og hvernig þessi afgreiðsla geti farið fram í viðkomandi fyrirtæki og það er að mörgu að huga í því sambandi.

- Eru ílátin hrein og þurr? Sýnileg óhreinindi? Er hægt að loka þeim?
- Eru ílátin ætluð fyrir matvæli?
- Ef heit matvæli eru afgreidd þarf að skoða hvort ílátin sem komið er með séu hitapólin.
- Á að setja ílát viðskiptavina á afmarkaðan stað svo starfsmaður með viðkvæm matvæli snerti það ekki?
- Er hægt að skammta í ílátið án þess að starfsmaður snerti það og fyrirbyggja þannig hugsanlega hættu á krossmengun?
- Er hægt að skammta í ílátið án þess að áhöld snerti ílátið?

Þetta eru dæmi um spurningar sem þarf að svara við notkun á margnota ílátum sem að viðskiptavinir koma með með sér.

Í mötuneytinu á Vitatorgi eru aðstæður þannig að verið er að þjóna viðkvæmum neytendahópi en viðkvæmir neytendur eru: Börn undir 5 ára aldri, fullorðnir yfir 65 ára aldri, sjúklingar, fólk með skert ónæmi og barnshafandi konur. Fyrir þessa hópa þarf að sýna sérstaka aðgát þar sem að þeir eru viðkvæmari fyrir matarsýkingum en aðrir. Staðurinn er með matvælaöryggiskerfi eða innra eftirlit í flokki 3, þar sem gerð er ítarleg hættugreining á starfsseminni með það að markmiði að fækka þeim stöðum þar sem hætta er, annað hvort með að fjarlægja hættuna eða stýra henni.

Einn liður í þessari hættustýringu mötuneytisins við Vitatorg hefur verið að bjóða ekki viðskiptavinum upp á hlaðborð með sjálfsafgreiðslu. Á hlaðborðum eru matvælin opin fyrir mengun frá viðskiptavinum sem geta mengað matvælin með bakteríum eða veirum, (mjög vel þekkt dæmi er Nóróveira), við beina snertingu við matvælin eða með að hósta yfir þau. Til að lágmarka þessa hættu eru notaðar aðferðir við að stýra henni og má þar nefna hnerihlífur, lok, áhöld, verklagsreglur um uppröðun og tæmingu íláta á hlaðborðum. Þá má nefna að Vitatorg

fer þarna eftir almennum leiðbeiningum frá t.d. Norðurlöndum en þær segja að á spítölum og stofnunum með viðkvæma neytendahópa skuli ekki bjóða upp á hlaðborð, heldur skuli starfsfólk skammta matinn vegna þess að viðskiptavinirnir tilheyrri viðkvæmum neytendahópi.

Mötuneytið við Vitatorg hefur upplýst Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um hættumat sitt varðandi notkun á margnota ílátum og hefur mötuneytið haft í huga þau atriði sem nefnd eru hér að ofan, ásamt flæði matvæla í gegnum eldhúsið á Vitatorgi. Hættumatið byggir á því að erfitt sé að stýra hættu á krossmengun við það að taka margnota box frá viðskiptavinum inn fyrir afgreiðsluborðið, afgreiðslan bjóði ekki upp á að viðskiptavinir geti sett boxin á afmarkað svæði, starfsmenn muni þurfa að snerta boxin, áhöld muni mjög líklega snerta boxin, mjög erfitt sé að meta hvort að plast sem komið er með sé hitaþolið fyrir utan að engin stýring er á því hvernig boxin séu þrífín. Þá spilar einnig inn í að afar stutt er fyrir starfsmenn úr afgreiðslu inn í sjálft framleiðslueldhúsið og hugsanlega krossmengun þangað. Aðgangsstýringar sem ættu að skilja á milli þessara staða eru ekki til staðar enda eldhúsið orðið barn síns tíma. Þrátt fyrir að þetta sé vandamál sem skapi ekki mikla hættu fyrir fullfríska neytendur, þá sé ekki hægt að horfa fram hjá því í eldhúsi sem ástundar innra eftirlit í flokki 3. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er sammála þessu mati eldhússins og telur að matvælaöryggi væri betur þjónað með því að nota aðrar leiðir til að gera viðskiptavinum kleift að vera umhverfisvænir.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Anna Jóhannesdóttir

REYKJAVÍKUR

Afrit/Samrit sent:

Afrit/Samrit sent: